

FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS 2017

Haldinn að Grand Hótel Reykjavík
fimmtudaginn 27. apríl 2017 kl. 17:00

Dagskrá ársfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings – tryggingafræðileg staða – fjárfestingarstefna.
3. Tillögur til breytinga á samþykktum.
4. Kosning / skipan stjórnar.
5. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
6. Kjör endurskoðanda.
7. Önnur mál.
 - a. Ályktunartillaga Arnar Pálssonar

Fundarsetning

Harpa Ólafsdóttir stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Harpa gerði tillögu um Magnús Norðdahl hrl. sem fundarstjóra og var það samþykkt.

Magnús Norðdahl tók við fundarstjórn og gerði tillögu um Árna Hrafn Gunnarsson sem fundarritara sem var samþykkt. Magnús upplýsti að hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og spurði síðan fundarmenn hvort einhverjar athugasemdir væru við lögmati hans. Engar athugasemdir voru gerðar og úrskurðaði hann fundinn löglegan þar sem rétt hefði verið til hans boðað. Magnús gekk því næst til dagskrár. Gaf hann Hörpu Ólafsdóttur formanni stjórnar orðið til þess að flytja skýrslu stjórnar.



1. Skýrsla stjórnar.

Harpa Ólafsdóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

Harpa fór yfir að eignir Gildis-lífeyrissjóðs hafi vaxið stöðugt undanfarin ár og hrein eign samtryggingar nam tæplega 470 milljörðum króna í lok síðasta árs. Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í sjóðnum eru nú um 217 þúsund einstaklingar. Fjárfestingarstefna sjóðsins leggi þann ramma sem ákvarðar fjárfestingar sjóðsins hverju sinni. Horfa þurfi til langtímasjónarmiða, að sjóðnum sé ætlað að ávaxta sparnað sjóðfélaga til langs tíma með það að markmiði að ná sem hagfelldustum kjörum sem í boði eru að teknu tilliti til áhættu. Fjárfestingastefnan er endurskoðuð árlega og unnin með hliðsjón af lögum um lífeyrissjóði og send Fjármálaeftirlitinu.

Fjárfestingarstefna sjóðsins frá nóvember 2016 tók mið af því að gjaldeyrishöft voru þá enn við lýði. Stefnan gerir ráð fyrir að fjárfestingar í erlendum eignum nemi um 29% eigna fyrir árið 2017. Hlutfall erlendra eigna Gildis í árslok 2016 var nálægt markmiðum stefnunnar eða um 27% en sjóðurinn nýtti undanþáguheimild Seðlabanka Íslands til nýfjárfestinga að fullu og nam sú fjárhæð ríflega 10,5 milljörðum króna. Íslenska krónan hafi áhrif á virði erlends eignasafn en hafa verði í huga að með styrkingu krónunnar felast einnig tækifæri til að umbreyta íslenskum eignum í erlendar myntir.

Því næst var vikið að því að talsvert hafi verið fjallað um það undanfarið að sjóðfélagar fái frelsi til að velja sér lífeyrissjóð. Rökin hafi verið þau að með því yrði stuðlað að aukinni samkeppni og sjóðfélagar hefðu möguleika á að velja sér lífeyrissjóð til dæmis með tilliti til fjárfestingarstefnu, þjónustu eða



réttinda. Slíkar tillögur hljóti þá að fela í sér að ríkisvaldinu sé ætlað að taka alfarið við örorkuþættinum. Að öðrum kosti gæti ekki verið um virka samkeppni að ræða.

Verði samkeppnissjónarmið fyrst og fremst höfð að leiðarljósi mætti velta fyrir sér hvort ekki væri verið að fjarlægjast upphafleg markmið aðila vinnumarkaðarins þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir, þ.e. að vera bakhjarl fyrir allt launafólk, óháð stétt og stöðu. Velta má fyrir sér hvort samkeppnissjónarmið eigi að ráða því að sjóðfélagar yrðu miseftirsóknarverðir þegar komi að því að meta líkur á aukinni slysaáhættu eða líkamssliti eftir því hvaða störfum þeir gegna.

Jöfnun lífeyrisréttinda á almenna og opinbera markaðnum skipta miklu máli en þar var stigið stórt skref í rétta átt með lagasetningu í desember sl. Sjóðurinn leiti stöðugt nýrra leiða til þess að ná betri kjörum við val á fjárfestingum og hefur til þess byggt upp öflugan hóp starfsmanna. Lagt hafi verið aukið vægi í greiningarvinnu hjá sjóðnum og mun sá þáttur verða aukinn enn frekar. Gildi hefur kappkostað að gefa greinargóðar upplýsingar um árangur og starfsemi sjóðsins. Sjóðfélagar voru hvattir til að kynna sér vel efni ársskýrslunnar. Fyrir hönd stjórnar var starfsmönnum sjóðsins þakkað fyrir gott samstarf á liðnu starfsári.

Fundarstjóri lagði til að opnað yrði fyrir umræður eftir fyrstu tvö dagskrárliði og var það samþykkt. Árni Guðmundsson fékk þessu næst orðið.

2. Kynning ársreiknings – tryggingafræðileg staða – fjárfestingarstefna.

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins, tryggingafræðilegri úttekt og fjárfestingarstefnu. Helstu atriði erindis hans komu fram í kynningu, sem gerð verður aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

217 þúsund sjóðfélagar eiga réttindi hjá sjóðnum, þar af 51 þúsund virkir greiðendur og 20 þúsund lífeyrisþegar. Greiðslur til lífeyrisþega námu 14,4 ma.kr. á árinu og jukust um 907 m.kr. milli ára. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 471,7 ma.kr. og jókst um 11,8 ma.kr. á árinu. Iðgjöld námu 20,65 ma.kr. og jukust um 1,87 ma.kr. frá árinu áður.

Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar nam -0,9%. Hrein raunávöxtun Framtíðarsýnar 1 nam 0,2%, 1,3% hjá Framtíðarsýn 2 og 1,8% hjá Framtíðarsýn 3. Helstu ástæður slakrar ávöxtunar ársins 2016 má einkum rekja til mikillar gengisstyringar íslensku krónunnar sem kom niður á ávöxtun erlendra eigna, auk þess sem safn innlendra hlutabréfa sjóðsins skilaði óverulegri ávöxtun á árinu. Farið var yfir samanburð á nafn- og raunávöxtun ársins hjá einstökum deildum.

Því næst fór Árni yfir meðaltal hreinnar nafn- og raunávöxtunar síðust 5 ár hjá samtryggingardeild og einstökum séreignardeildum. Að meðaltali hefur hrein raunávöxtun samtryggingardeildar verið 5,7% sl. fimm ár. Farið var yfir breytingu á hreinni eign Gildis á árinu 2016 vegna iðgjalda, lífeyris, áhrifa gjaldmiðla, fjárfestingartekna og kostnaðar og annars. Farið var yfir yfirlit úr ársreikningi um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Þá var farið var yfir lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar. Lífeyrisþegum hefur fjölgað um 7% milli ára. Einnig var farið yfir sundurliðun skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar, sem birt er í ársreikningi.

Að því búnu fór Árni yfir efnahagsreikning sjóðsins í lok árs, yfirlit yfir sjóðstreymi á árinu ásamt helstu kennitölum samtryggingardeildar.

Hvað varðar fjárfestingar var farið yfir fjárfestingar samtryggingardeildar á árinu 2016 flokkað eftir tegundum verðbréfa. Einnig var farið yfir helstu viðskipti eftir einstökum útgefendum í innlendum

hlutabréfum og sjóðum, innlendum skuldabréfum og erlendum verðbréfasjóðum. Farið yfir nafnávöxtun einstakra eignaflokka samtryggingardeildar. Þessu næst var farið yfir ávöxtun samtryggingardeildar undanfarin 10 ár ásamt meðaltali 10 og 5 ára. Einnig var farið yfir samanburð á ávöxtun innlendra lífeyrissjóða.

Þá var farið yfir verðbréfaeign sjóðsins í árslok eftir eignaflokkum, ásamt frekari sundurliðun á því hvað væri innan einstakra eignaflokka, bæði eftir undirflokkum og helstu einstökum útgefendum. Sérstaklega var fjallað um fjárfestingargjöld. Fjármálaeftirlitið setti nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða árið 2015 þar sem m.a. skyldi gefa upp öll fjárfestingargjöld og þóknanir fjármálafyrirtækja og sjóða vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum lífeyrissjóðs. Áður höfðu þessi gjöld ekki verið tilgreind sérstaklega en ávöxtun reiknuð að teknu tilliti til þessara gjalda. Reglur FME voru ekki nægilega skýrar sem leiddi til þess að lífeyrissjóðir settu upplýsingar fram með mismunandi hætti. Síðan þá hefur FME sett fram leiðbeiningar um hvernig upplýsingar skulu settar fram. Það skýrir breytta framsetningu upplýsinga milli ára hjá Gildi. Samtals nema umsýsluþóknanir vegna eignamsýslu og önnur fjárfestingargjöld á árinu 2016 um kr. 1.510 milljónum eða 1,1 % af undirliggjandi eignum. Farið var yfir þróun umsýslukostnaðar vegna erlendra hlutabréfasjóða frá árinu 2010.

Einnig var farið yfir fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar 2017 og helstu áherslur, ásamt fjárfestingarstefnu séreignarleiða. Farið var yfir tryggingafræðilega úttekt og niðurstöður hennar. Heildarstaða sjóðsins neikvæð um 2,7% í árslok. Að lokum var farið yfir þróun tryggingafræðilegrar stöðu frá árinu 2006.

Fundarstjóri opnaði þessu næst mælendaskrá um þessa tvo dagskrárliði og bað þá sem vildu taka til máls að láta sig vita.

Örn Pálsson tók til máls og beindi spurningu sinni til stjórnarformanns. Fram hafi komið að heimildir til fjárfestinga erlendis hafi verið nýttar að fullu. Örn minnti á að hann hafi á síðasta ársfundi bent á að fara ætti gætilega í erlendum fjárfestingum þegar flest hafi bent til að krónan væri að fara að styrkjast. Hann þakkaði fyrir góðar upplýsingar í ársskýrslu. Óskaði hann eftir því að alltaf væri talað um raunávöxtun en ekki nafnávöxtun. Þar sem sjóðurinn ætti umtalsvert í íslenskum framtakssjóðum taldi hann rétt að ávöxtun þeirra myndi fylgja með ásamt grunnupplýsingum um hvern og einn sjóð. Tók hann eftir því að kostnaður við endurskoðun hafi lækkað mikið.

Guðríður Kristjánsdóttir tók til máls og vakti athygli á ósamræmi í eignarhlutföllum í umfjöllun um Reiknistofu lífeyrissjóða hf. og Greiðslustofu lífeyrissjóða á bls. 80 í skýrslu, annars vegar í töflu og hins vegar texta.

Finnur tók til máls og vakti athygli á 700 milljón króna rekstrarkostnaði og spurði hvort hann væri ekki helst til hár.

Harpa Ólafsdóttir tók til máls og sagði að sjóðurinn starfaði samkvæmt fjárfestingarstefnu og eignum væri dreift meðal annars með því að fjárfesta erlendis. Ákveðin tækifæri væru í því þegar krónan væri sterk að umbreyta innlendum eignum í erlendar. Varðandi rekstrarkostnað þá vakti hún athygli á því að sjóðurinn væri stór að vöxtum, um 470 milljarðar króna, og kostnaður því vel í samræmi við það til þess að sjóðurinn geti sinnt sínum verkefnum.

Finnur tók til máls að nýju og taldi kostnaðarsamt að verja 700 milljónum króna til að innheimta 20 milljarða króna í iðgjöld.

Árni Guðmundsson tók til máls og sagði að rekstur sjóðsins væri viðamikill, hann væri m.a. eftirlitsskyldur og rekstrarkostnaður ekki hár í samræmi við umfang sjóðsins. Varðandi ávöxtun framtakssjóða taldi Árni rétt að taka það til frekari skoðunar. Hvað varðar ábendingu Guðríðar tók Árni fram að taflan væri rétt en prósentur hafi víxlast í skýringu. Árni nefndi jafnframt að nýting á heimild til erlendra fjárfestinga breytti ekki miklu um niðurstöðu ársins.

Örn Pálsson tók til máls að nýju og sagði að tap á erlendum fjárfestingum hafi verið 11 milljarðar króna sem væri há fjárhæð. Keypt hafi verið meira en selt af erlendum eignum. Fjárfestingarstefnan væri með vikmörk sem hægt væri að nýta. Tók af þessum sökum ekki gildar skýringar á erlendum fjárfestingum með vísan til fjárfestingarstefnu.

Finnur tók til máls að nýju og kom með ábendingu um að sjóðurinn ætti að stýra framhjá skerum þegar þau væri í augsýn og vísaði þar til erlendra fjárfestinga. Aðrir aðilar, m.a. tryggingafélög, væru að standa sig betur í þessum efnum.

Birna tók til máls og vakti athygli á því að tölvu- og hugbúnaðarkostnaður væri mjög hár.

Hrafn Magnússon tók til máls og óskaði skýringa á því hvers vegna fjárfestingartekjur hafi verið 5,9 ma.kr. árið 2016 samanborið við 44 ma.kr. árið áður.

Harpa Ólafsdóttir tók til máls og sagði að varðandi erlendar fjárfestingar væri eðlilegt að horfa langt fram í tímann. Það yrði að dreifa áhættunni og það yrði m.a. gert með því að fjárfesta einnig erlendis, breytingar hjá sjóðnum verða ekki gerðar í einu vetfangi milli innlendra og erlendra eigna.

Árni Guðmundsson tók til máls og svaraði því til að tölvu- og hugbúnaðarkostnaður væri m.a. rekstur þeirra tölvukerfa sem sjóðurinn notast við í starfsemi sinni og þjónusta þeim tengdum. Varðandi ástæður breytinga í ávöxtun milli ára vísaði Árni til fyrri umfjöllunar m.a. um að ein stærsta skýringin á breytingum milli ára mætti rekja til mikillar gengisstyrkingar íslensku krónunnar.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs og fundarstjóri gekk til næsta dagskrárliðar.

3. Tillögur til breytinga á samþykktum.

Fundarstjóri fór yfir fyrirleggjandi tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins. Annars vegar var um að ræða eftirfarandi tillögu er sneri að fjölda varamanna hjá fulltrúum sjóðfélaga (feitletrun er tillaga um nýjan texta, yfirstrikaður texti fellur út):

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt **tveimur jafnmörgum** varamönnum, **og en** fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins ásamt tveimur varamönnum. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Tveimur mánuðum fyrir ársfund skulu aðildarsamtök launamanna sem að sjóðnum standa skipa fjögurra manna kjörnefnd sem skal gera tillögu til fulltrúa sjóðfélaga í fulltrúaráði um kosningu stjórnarmanna og varamanna þeirra fyrir komandi kjörtímabil. Tillaga kjörnefndar um val til stjórnar skal taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvareandi aðkomu að stjórn sjóðsins.

Orðið var gefið laust, enginn óskaði eftir því að taka til máls um þessa tillögu þegar eftir því var kallað. Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þessu næst var farið yfir breytingartillögu sem sneri að réttindaávinnslu í a- og b-lið 1. mgr. gr. 9.12. (feitletrun er nýr texti, yfirstrikaður texti fellur út):

Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga sem nemur **4,0% 4,5%** iðgjalda þeirra. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhalda sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.

Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega sem nemur **4,0% 4,5%** af lífeyri þeirra. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal merktur sérstaklega í réttindabókhalda sjóðsins.

Orðið var gefið laust, enginn óskaði eftir því að taka til máls um þessa tillögu þegar eftir því var kallað. Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt samhljóða.

4. Kosning/skipan stjórnar.

Tekin var fyrir tillaga kjörnefndar launafólks um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna til tveggja ára. til ársfundar 2019:

Aðalmenn: **Harpa Ólafsdóttir**
Kolbeinn Gunnarsson

Varamenn: **Margrét Birkisdóttir**
Sigurður A. Guðmundsson

Fundarstjóri benti á að aðeins fulltrúar launamanna hafa atkvæðisrétt um þessa tillögu. Ekki komu fleiri tillögur fram. Framlögð tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir skipun Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum í stjórn til tveggja ára, til ársfundar 2019, en skv. samþykktum sjóðsins er ekki um það kosið á ársfundi:

Aðalmenn: **Freyja Önundardóttir**
Gylfi Gíslason

Varamenn: **Sigríður Margrét Oddsdóttir** (til tveggja ára, til ársfundar 2019)
Hannes G. Sigurðsson (til eins árs, til ársfundar 2018)

5. Ákvörðun launa stjórnarmanna.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu um laun stjórnarmanna. Gerð var tillaga um að mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 114.715, laun formanns verði tvöföld eða kr. 229.430 og laun varaformanns verði kr. 172.073. Stjórnarlaun miðast við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir eru fleiri skal greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund. Varamaður fái greidd laun aðalmanns, kr. 114.715, fyrir hvern setinn stjórnarfund. Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns. Fundarstjóri vakti athygli á þeim breytingum sem gerðar voru milli ára, m.a. varðandi aukafundi og laun varamanna.

Orðið var gefið laust, enginn óskaði eftir því að taka til máls. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Kjör endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir framlagðri tillögu um að ársfundurinn samþykki að endurskoðandi sjóðsins verði Deloitte ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi.

Ekki komu fleiri tillögur fram. Framlögð tillaga var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

a. Ályktunartillaga Arnar Pálssonar

Fundarstjóri las ályktunartillögu Arnars Pálssonar. Hún gerði ráð fyrir því að ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs 2017 álykti að stjórn sjóðsins óski nú þegar eftir viðræðum við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð verslunarmanna og Birtu lífeyrissjóð um stofnun sameiginlegs stýrihóps sjóðanna um erlendar fjárfestingar. Hlutverk hans yrði að móta sameiginlega stefnu um erlendar fjárfestingar og hafa umsjón með þeim að öllu leyti.

Örn Pálsson fékk þessu næst orðið og gerði frekari grein fyrir tillögunni. Rakti hann forsöguna og aðrar tillögur sem hann hefur borið upp á ársfundi undanfarin ár. Minnti einnig á að hann hefði barist fyrir því að sjóðurinn hefði áhrif á hverjir sætu í stjórnunum félaga. Þessu næst fór Örn yfir þá greinargerð sem fylgdi tillögunni. Hann var sannfærður um að ef sjóðirnir myndu sameinast um að búa til svona hóp væri hægt að ná samlegð í erlendum fjárfestingum. Sameiginlegt markmið væri að ávaxta fjármuni vel þannig að almenningur á Íslandi geti lifað af því í framtíðinni. Stórt eignasafn gæti lækkað kostnaðinn og enn stærri pakki gæti minnkað hann ennþá frekar. Lagði hann til að sjóðfélagar samþykktu þessa tillögu.

Árni Guðmundsson tók til máls og sagði alla sammála um að ná niður kostnaði eins mikið og mögulegt væri. Verulegur árangur hafi náðst í þeim efnunum og stærð sjóðsins ein og sér skipti miklu í því samhengi, ekki væri víst hverju stærri pottur myndi skila. Einnig lýsti hann áhyggjum yfir sameiginlegri vegferð, enda hefði verið lögð áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum. Lífeyrissjóðir væru ólíkir innbyrðis, með ólík markmið og stefnu. Einnig væru tæknilegir örðugleikar við framkvæmdina. Þá væri dregið úr áhættudreifingu kerfisins í heild sinni með sameiginlegum fjárfestingum af þessu tagi.

Guðmundur Ragnarsson tók til máls og minnti á að þegar hann hefði byrjað að sækja ársfundi hafi aðalræðuefnið verið rekstrarkostnaður og hvernig hann væri hlutfallslega í samanburði við aðra. Þessi umræða hafi gert það að verkum að sjóðirnir hafi verið undirmannaðir og borið hefði á hjarðhegðun. Þetta hafi komið upp í hugann á honum við umræður á fundinum. Sjóðurinn hefði byggt upp stærri eignastýringu og tekist hefði mjög vel til. Hættulegt væri að fara á þá braut að einblína á kostnað og lenda þá í því að ekki væri til staðar geta til þess að halda utan um þá fjármuni sem sjóðnum er treyst fyrir. Þetta væri því ekki tímabær umræða. Hins vegar væri þarft engu að síður að vera gagnrýninn á reksturinn og koma með ábendingar og spurningar ef ákveðnir þættir vaxa um of. Erfitt væri að segja til um eðlilegan rekstrarkostnað fyrir sjóð af þessari stærð. Kröfurnar sífellt að aukast sem kallar á fleira starfsfólk þannig að hægt sé að sinna öllum skyldum. Guðmundur taldi rekstrarkostnað ekki enn kominn á þann stað að það væri komið jafnvægi sem hægt væri að miða við. Það er þörf á gagnrýni en gæta verður þess að ekki hljótist skaði af. Frekari sameiningar lífeyrissjóða gætu einnig verið framundan. Innri uppbygging sjóða er ólík þrátt fyrir að þeir starfi í sama landinu, sem kallar á ólíka þörf fyrir fjárfestingar. Guðmundur var þess vegna ekki tilbúinn að mæla með tillögunni.

Sigurður Bessason tók til máls og þakkaði fyrir umræðuna og fannst virðingarvert þegar reynt væri að gera góða hluti betri. Hjarðhegðun hafi verið eitt lykilatriðið í skýrslunni um hrúnið, það hafi verið eitt viðvörunarorðið. Lífeyrissjóðir hefðu ekki lent í eins erfiðri stöðu ef meira sjálfstæðis hefði verið gætt.

Einnig hafi komið fram gagnrýni á sjóðina fyrir að hafa ekki byggt um starfsemina þannig að sjóðirnir sjálfir greindu fjárfestingar í stað þess að treysta á aðra, s.s. greiningardeildir bankanna. Eftir hrúnið hafi verið rætt um að bjarga því sem bjargað yrði. Þá var Framtakssjóðnum komið á laggirnar með sambærilegri hugsun og gekk það eftir. Mjög fljótlega var síðan rætt um að leggja ekki meira fé en lagt var í upphafi. Ástæðan byggði m.a. á því að strax í byrjun kom í ljós sú afstaða eftirlitsaðila að stjórnarmenn í sjóðunum máttu ekki koma með upplýsingar til baka í stjórnir sjóðanna. Fyrirliggjandi tillaga gerir ráð fyrir að setja ákvarðanir í hendur á öðru fólki, ákvarðanir fara lengra frá stjórn sjóðsins og raunar úr hennar höndum. Örfáir aðilar myndu þá ráða yfir gríðarmiklum fjármunum og í andstöðu við niðurstöðu rannsóknarskýrslunnar.

Hrafn Magnússon tók til máls og sagði að varðandi hjarðhegðun lífeyrissjóða teldi hann augljóst að slíkt væri enn við lýði og vísaði í því sambandi til ávöxtunartalna lífeyrissjóða fyrir síðasta ár. Um hafi verið að ræða eitt stærsta og mesta uppgangsár sögunnar en á sama tíma væru lífeyrissjóðir ekki að standa sig og með enga ávöxtun. Ástæðan fyrir því væri fjárfesting í útlöndum. Hvatti hann fundarmenn til þess að íhuga þetta gaumgæfilega, allir græða en ekki lífeyrissjóðir, það þarf að spyrja af hverju þetta gerist. Hvatti hann til þess að tillaga Arnar Pálssonar yrði samþykkt.

Örn Pálsson tók til máls og þakkaði umræðuna. Hann taldi ekki hafa komið fram haldbær rök gegn tillögunni. Tillagan yrði örugglega til þess að ná niður kostnaði auk þess sem betri fjárfestingartækifæri náist. Allir væru á höttunum eftir því að sinna þessari þjónustu. Meira að segja ríkisstjórnin ýtti á að fjárfest verði erlendis. Örn var sannfærður um það að samtal milli þessara aðila myndi leiða til þess að betri árangur náist. Lífeyrissjóðir hafa þegar sameinast um að fjárfesta í framtakssjóðum og alveg eins hægt að gera það á erlendum vettvangi. Arnar taldi þetta einmitt tímabært núna. Fjármunir sjóðsins geymdir í 29 sjóðum víðs vegar um heiminn. Þörf er á miklum krafti til að hafa þekkingu á öllum þessum hlutum.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs og lauk umræðum. Fundarstjóri gekk til atkvæðagreiðslu. Tillagan var felld með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

b. Önnur mál óboðuð.

Gunnar Halldórsson óskaði eftir því að taka til máls. Gunnar sagðist vera að fá greiddan ellilífeyri frá TR og að verða eldri borgari. Hann hafi verið hvattur til þess að borga sem mest í lífeyrissjóði þar sem það myndi koma honum til góða síðar. Hann vorkenni unga fólkinu sem greiðir og greiðir í lífeyrissjóði. Það komi honum ekkert til góða að hafa gert það. Hann fái ekkert meira greitt en sá sem ekkert hefur borgað í lífeyrissjóð. Þá fannst Gunnari rekstrarkostnaður vera hár, 2,2 milljarðar króna. Langaði til þess að spyrja að því hvað TR væri að vasast í því hvað lífeyrissjóðsgreiðendur væru að fá greitt. TR væri að stela frá lífeyrisþegum það sem þeir fá frá lífeyrissjóðum. Lífeyrissjóðir ættu að gera meira í því að mótmæla þessu fyrirkomulagi. Hann hafi borgað alla tíð í lífeyrissjóði og finnst réttindi sín vera lítil eftir starfsævina.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og þar sem dagskrá fundarins var tæmd gaf fundarstjóri **formanni stjórnar** orðið sem þakkaði fyrir góðar umræður og ábendingar og sleit fundi kl. 18:40.

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu 46 fulltrúar launamanna og 3 fulltrúar atvinnurekenda. Fjöldi fundarmanna í heild var um 90 manns.



Arni D. Gunnarsson